

Umhverfisstofnun
Áb. _____
<b>29. maí 2017</b>
Tilv. _____

Made in mountains ehf.  
Flókagötu 6  
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Snæfellsbær 23. maí 2017  
UST201701-204/M.I.K.  
09.07.01

### Efni: Hjólreiðakeppni um stíg/reiðleið í Húsafelli, 11. ágúst 2017

Visað er til erindis Made in mountains ehf., dags. 18. janúar 2017 þar sem óskað er eftir leyfi Umhverfisstofnunar til að fara á reiðhjólum um göngustíg innan Húsafellsskógs, laugardaginn 15. júlí nk. milli klukkan 13:00 til 16:00.

Húsafellsskógur er friðlýstur sem friðland, sbr. auglýsing nr. 606/2001 í Stjórnartíðindum B. Almennungi er heimil för um svæðið og dvöl þar í löglegum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt. Bannað er að skerða gróður, skaða dýralíf, spilla vatni eða skemma jarðmyndanir að óþörfu.

#### Lýsing framkvæmdar:

Made in mountains ehf. stendur fyrir hjólreiðakeppninni Glacier 360 þar sem hjólað er í kringum Langjökul. Hluti leiðarinnar liggur um gamlan akveg í Húsafelli, sem nýttur er fyrir göngu- og hestamenn í dag. Kafli var valinn á fyrstu dagleið keppinnar vegna öryggissjónarmiða annars vegar og hins vegar er hún talin mjög skemmtileg. Áætlaður fjöldi þátttakenda er á bilinu 60 til 100 talsins.

Þegar keppendur koma að Húsafelli verða þeir að hjóla 2-6 saman, oftast í einfaldri röð. Búið verður að hjóla um 70 km. leið og teygst hefur vel á hópnum á þeim tíma. Þrír starfsmenn eru við keppnina. Þeir afmarka stíginn með borðum og merkingum og afmarka með því stíginn þar sem gæti komið upp vafi hvert og/eða hvar skal hjóla ekki síst ef leiðin er ógreinileg. Það varðar brottvísun úr keppninni án viðvörunar að hjóla utan brautar og/eða henda rusli. Farið er inn á stíginn af þjóðvegi 550 og endamark er þar sem stígurinn kemur að þjóðveg nr. 518, Hálsasveitarvegur.

#### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur litlar líkur á að framkvæmd keppinnar muni valda spjöllum á friðlýstum náttúruminum, og að rask verði minniháttar ef farið verður að þeim skilyrðum sem sett eru í leyfi þessu. Telur stofnunin litlar líkur á að keppnin muni hafa áhrif á verndargildi friðlandsins. Umhverfisstofnun heimilar því, fyrir sitt leyti, að hjólreiðakeppnin Glacier 360 verði haldin með eftirfarandi skilyrðum:

#### Skilyrði

1. Stjórnendur hjólreiðakeppinnar skili til Umhverfisstofnunar, a.m.k. viku áður en keppni hefst, áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd keppinnar. Í áætluninni skal m.a. koma fram, fjöldi þátttakenda og hvernig staðið verði að frágangi að hlaupi loknu.
2. Stjórnendur keppinnar gefi sig fram við landvörð svæðisins og upplýsi um upphaf hlaupsins og lok þess. Landvörður Friðlandsins er Þórhildur Kristjánsdóttir og símanúmer hennar er 822-4082. Einnig má hafa samband við Jón Björnsson, þjóðgarðsvörð í þjóðgarðinum Snæfellsjökli í síma 822 4056

3. Stjórnendur tryggi að við þjónustu vegna keppninnar verði ekki ekið utan brautar og að þjónustubifreiðum verði eingöngu ekið á merktum vegum.
5. Stjórnendur keppninnar upplýsi þátttakendur um mikilvægi þess að halda sig á merktri hjólaleið til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri utan hennar.  
Brýnast er að passa vel upp á framangreint og merkja leiðina vel á viðkvæmum svæðum
7. Aðstandendur keppninnar tryggi að ekki verði skilið eftir neitt rusl á víðavangi, hvorki á/við keppnisleiðna, á áningarstöðum, né á upphafs- og endastöð. Einnig að tryggt verði að merkingar, flögg, sem notuð verða til að merkja hlaupaleiðina verði fjarlægð strax að hlaupi loknu.
8. Farið verði eftir lýsingu framkvæmdaraðila eins fram kemur í umsókn framkvæmdaraðila.  
Umhverfisstofnun óskar eftir því að verða upplýst ef einhverjar breytingar verði á.


### **Leyfisgjald**


Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum sbr. auglýsingar og reglugerðir um friðlýst svæði sbr. 2. mgr. 40. gr. í lögum um nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjaldið er 39.400 krónur, sbr. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

### **Eftirlit**

Umhverfisstofnun mun innheimta kostnað fyrir eftirlit í tengslum við undirbúning keppninnar, á meðan það stendur yfir og frágang. Áætlað stofnunin að í það fari tvær klst. Innheimt verður samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar, 13.200 kr/klst.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri

  
Jón Björnsson  
Sérfræðingur